

# Strikurnar

Höfundur texta: Dánial Hoydal (Færeyjum)  
Höfundur mynda: Annika Øyrabø (Færeyjum)  
Bókadeild Føroya Lærarafelags, 2022

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2023

Söguþráður: Það eru strik úti um allt. Á gangstéttinni, á þröskuldinum, í loftinu yfir rúminu. Hvers vegna eru strik úti um allt? Það er erfitt að útskýra strikin þegar besti vinur manns skilur þau ekki einu sinni.

Efnisorð: Fjölskylda, vinátta, tilfinningar, kvíði, sorg

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


1. Skoðið bókarkápu. Hvað sjáið þið?
2. Finnið þið mörg strik? Hvaða önnur form finnið þið í bókinni?
3. Hvernig erum við á svipinn þegar við erum glöð? Hvernig erum við á svipinn þegar við erum leið? Sýnið það með andlitinu.

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Hvað dettur ykkur í hug þegar þið sjáið bókarkápu-na?
2. Hvaða strik og form eru í bókinni?
3. eru myndir í bókinni sem sýna sterkar tilfinningar?
4. Búið til klippimynd af andliti sem sýnir tilfinningu.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Finnið myndir af söguhetjunni og Högna vini hennar. Hvað gerist á myndunum?
2. Hvað sjáið þið í bókinni sem tjáir sorg?



3. Skoðið fremstu og öftustu opnu bókarinnar. Hvað gerist með strikin?

4. Búið til klippimynd sem sýnir minningu sem skiptir ykkur miklu máli, eða leik sem ykkur finnst gaman að fara í með vinum ykkar.

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Hvað dettur þér í hug þegar þú horfir á bókarkápu-na? Um hvað heldurðu að bókin sé?
3. Hvers vegna heldurðu að söguhetjan vilji ekki segja frá strikunum? Er erfitt að tala um suma hluti?
4. Ímyndaðu þér að söguhetjan segi vini sínum frá strikunum. Hverju myndi Högni svara? Hvernig myndir þú svara?
5. Búðu til klippimynd af einhverju sem væri hægt að hræðast.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Jag och alla. Höfundur texta: Ylva Karlsson (Svíþjóð). Höfundur mynda: Sara Lundberg (Svíþjóð) Mánugánda ja Heike.

Höfundur texta: Signe Iversen (Noregi). Höfundur mynda: Sissel Horndal (Noregi).

Berre mor og Ellinor. Höfundur texta: Ingrid Z. Aanestad (Noregi). Höfundur mynda: Sunniva Sunde Krogseth (Noregi).

MÁLAMOLI

"Listi"

sænska

Streck

danska

Streg

norska

Strek

íslenska

Strik

færeyska

Strika

grænlenka

Titarneq

finnska

Viiva

norðursamíska

Sáhcu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)